



MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI
HAUSTÖNN 2011

ENSKA 402 – 3. BEKKUR FÉLAGSFRÆÐIDEILDAR

KENningarAR: Ágústa Stefánsdóttir (HI) agustast@ma.is
Ghasoub Abed (FG) ghasoub@ma.is

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er megináhersla lögð á að nemandi þrói með sér hagnýta samskiptafærni og hæfni til að tjá eigin skoðanir á ensku. Reynt er að velja kennslufni með tilliti til reynslu og áhugamála nemenda og er þannig hvetjandi til túlkunar og skoðanaskipta. Textar, málfræðiæfingar, hlustun og talæfingar verða í samhengi við þemu hvers tíma til að nemendur öðlist virkari og betri orðaforða. Ný námsbók er kynnt í þessum áfanga, *CAE Result*, og mun hún einnig verða kennd í ENS502. Lesnir verða fjölbreyttir rauntexar, smásögur, skáldsaga og ýmis verkefni unnin í kjölfarið. Töluvert verður lagt upp úr ritun á önninni og stuttum ritgerðum.

Markmið

- Færni nemandans styrkist og eflist í rétttri og eðlilegri notkun enskrar tungu með stigvaxandi þyngd á lesefni og meiri kröfum um vandaða málnotkun.
- Nemandinn tileinki sér orðaforða almenns eðlis og sérhæfðari orðaforða sem tengist námssviði hans; orðaforða sem býr hann undir viðfangsefni daglegs lífs jafnt sem háskólanám.
- Nemandinn þjálfist í lestri, skilningi og túlkun bókmenntatexta á ensku.
- Hann þjálfist jafnframt í ritun og málfræði.

Námsefni

CAE Result, Kathy Gude & Mary Stephens.

Animal Farm, George Orwell.

ENS 402 Short Stories, hefti í bóksölu MA.

Aukaefni frá kennara.

Kennsluhættir

Leskaflar – Lesnir verða um það bil sex kaflar í *CAE Result*. Lestextarnir eru til orðskýringa, þ.e. lesist vandlega og er annað efni í bókinni s.s. hlustun og málfræði einnig til prófs.

Smásögur – Sögurnar skulu lesnar efnislega (ekki til orðskýringa). Fjölbreytt verkefni verða unnin í tengslum við þær. Hvatt er til túlkunar, að komist verði lengra en að endursegja söguþráðinn.

Skáldsagan *Animal Farm* verður lesin efnislega. Áhersla lögð á túlkun, umræður og ritun. Nemendur vinna saman í tveggja-manna hópum og skila ritgerð tengdri efni skáldsögunar.

Kennsluáætlun

Tímarnir fjórir í vikunni líða þannig:

- Þrjú tímar fara í leskafla aðalnámsbókar og verkefni sem fylgja. Einnig verða tímarnir notaðir til ritunar, umræðna, aukaverkefna og kannanna.
- Einn tími fer í bókmenntir; *Animal Farm* á fyrri hluta annarinnar og smásögur á þeim seinni.

Vika 1	Introduction to the course and CAE, unit 1
Vika 2	CAE unit 1
Vika 3	<i>Animal Farm</i> ch. 1-2 / CAE unit 1
Vika 4	<i>Animal Farm</i> ch. 3-4/ CAE unit 2
Vika 5	<i>Animal Farm</i> ch.5-6 / CAE unit 2 AF-quiz 5%
Vika 6	CAE unit 2 CAE Unit Test 5% (units 1&2)
Vika 7	<i>Animal Farm</i> ch.7-8 / CAE unit 3
Vika 8	<i>Animal Farm</i> ch. 9-10 Animal Farm quiz 5% / CAE Result unit 3
Vika 9	Animal Farm essay due 15% / CAE unit 3
Vika 10	Short story 1 / CAE unit 4
Vika 11	Short story 2 / CAE unit 4
Vika 12	CAE Unit Test 5% (units 3&4) Short story 3 / CAE unit 4
Vika 13	Short story 4 / CAE unit 5
Vika 14	Short story 5 / CAE unit 5
Vika 15	CAE Result unit 5 /Preparation for final exam

Námsmat:

Vinnueinkunn / Símat gildir einkunnar. Hér gildir almenn frammistaða, t.d. hversu vel nemendur eru undirbúnir í tímum, gæði verkefnavinnu og niðurstöður ritunarverkefna.	15%
Tvær stuttar kannanir úr <i>Animal Farm</i> gilda	10%.
Ritgerð úr <i>Animal Farm</i> gildir	15%.
Tvö kaflapróf (unit test) gilda samtals	10%
Skriflegt lokapróf gildir	50%

**REGLUR ENSKUDEILDAR MA ER AÐ FINNA Á VEF
SKÓLANS. NEMENDUR ERU HVATTIR TIL AÐ KYNNA SÉR
ÞÆR ÍTARLEGA**



Réttur til breytinga áskilinn.
Gangi ykkur vel,
Ágústa og Ghasoub